

Paulinn 2025

Fullorðnir

Lönguhlíðarfjall

Lönguhlíðarfjall er 820 m hátt

Ekið er að bænum Skriðu í Hörgárdal. Þar sem heimreiðin sveigir til vinstri heim að bænum er tekin hægri beygja eftir gamla veginum í átt að malarnámu þar skammt frá. Á ásnum við malarnámuna er bílum lagt.

Leiðin á fjallið er ekki stikuð.

Gengið er eftir vegi innan girðingar (tunnur í girðingunni – munið að loka hliðum) - fyrst meðfram gilbarmi og síðan upp öxlina og norður fyrir fjallið. Smalaveginum er fylgt þar til hann endar. Þá er lagt á fjallið og gengið skáhalt upp til suðvesturs (ekki fylgja kindagötunum sem liggja allar austur-vestur) þar til skarð birtist í fjallinu. Þar er stefnan tekin beint upp í skarðið eftir vel gróinni hlíð. Uppi á brúninni er mjög gott útsýni yfir Hörgárdal. Áfram er gengið í norðsutur fram á hausinn þar sem er varða. Núna er tilvalið að skima eftir Paulakassanum.

Sama leið er farin til baka.

Vegalengd fram og til baka er um 7 km.

Gönguhækkun er 520 m.

Fyrir þá sem vilja lengri og erfiðari göngu er hægt að ganga í suður, upp á brún fjallsins sem er í um 800 metra hæð og bætast þá um þrír kílómetrar og 220 metra hækkun við. Ef vilji er að fara á allra hæsta punkt (820 m) bætast aðrir þrír kílómetrar við gönguna.

Athugið:

Göngufólk er vinsamlegast beðið um að sýna náttúrunni virðingu. Þar sem farið er um afréttarland er ekki æskilegt að vera með lausa hunda og ef opna þarf hlið á göngunni er nauðsynlegt að muna eftir að loka þeim aftur.